

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 28. júní 2022 eftirfarandi:

Lindarflöt 41 – óveruleg breyting á deiliskipulagi Flata.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að brunagafli bílageymslu á lóðarmörkum verði 10,3 metrar en heimiluð hámarks lengd brunagafls er 7,5 metrar.

Grímsgata 2-4 – óveruleg breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, norðurhluta 4.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir hljóðvarnarvegg meðfram Urriðaholtsstræti ofan Grímsgötu, 1 metra á hæð.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 3. febrúar 2022 eftirfarandi:

Lyngás 7-9 – breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að sameina lóðirnar Lyngás 7 og Lyngás 9 í eina lóð auk óverulegra leiðréttinga á skipulagsgöngum.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 7. október 2021 eftirfarandi:

Breyting á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður – leikskóli og búsetukjarni.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að skipulagssvæði norðurhluta Hnoðrahólts stækki til suðurs frá Vetrarbraut, á háholti Hnoðrahólts. Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði lóð fyrir leikskóla og íbúðakjarna fyrir fatlað fólk.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 29. júní 2022.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 29. júní 2022